

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu

Garðabær, 3. september 2025
202507-0128/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 - Vaðfitjanáma

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 sem barst Náttúruverndarstofnun 23. júlí 2025. Breytingin felur í sér nýtt allt að 11 ha efnistökusvæði austan Þjórsár og sunnan Sultartangalóns, innan Þjóðlendu Landmannaafréttar og iðnaðarlóðar Vaðöldu. Áætlað er að taka allt að 80.000 m³ af sand- og malarefni á svæðinu sem er þegar að hluta raskað vegna eldri virkjanaframkvæmda og vegagerðar. Efnistakan er m.a. hugsuð sem innviður fyrir frekari uppbyggingu vindorku á svæðinu.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé að hluta innan forsögulegs hrauns úr Bárðarbungu, auk þess sem það liggja að gervígum við Vaðfit sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þá er svæðið skilgreint sem eyðihraunavist samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufraeðistofnunar Íslands.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er stór hluti skipulagssvæðisins sandorpið hraun. Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar

eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða sérstök vistgerðarvernd, geti haft sjálfstætt verndargildi.

Í þessu tilviki kemur ekki skýrt fram hvort þær hraunmyndanir sem fyrirfinnast á svæðinu séu heillegar eða greinilegar og því liggur ekki fyrir hvort hraunið njóti verndar sem jarðminjar samkvæmt 61. gr.

Náttúruverndarstofnun hvetur sveitarfélagið til að:

- Láta fara fram sjónmat eða sérfræðiúttekt á hraunmyndunum innan efnistökusvæðis,
- Meta hvort hraunið hafi enn þau einkenni sem réttlæta vernd sem jarðmyndun,
- Gera grein fyrir mögulegum valkostum (t.d. öðrum námusvæðum) og leggja fram mótvægisáðgerðir ef verndargildi er til staðar.

Að mati stofnunarinnar vantar umfjöllun um vernd hraunsins og hvort framkvæmdin falli undir vernd 61. gr. náttúruverndarlaga. Þar sem svæðið er að hluta innan forsögulegs hrauns og í grennd við friðlýsta gervígíga er brýnt að það sé skýrt metið fyrir liggjandi skipulagsákvörðun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur